

Þriðjudaginn 11. apríl 1995.

Nr. 22/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

E

(Ólafur Birgir Árnason hrl.)

Nauðgun (195. gr. alm. hgl.). Skaðabætur. Skilorð. Áfrýjun. Framburður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði óskaði áfrýjunar máls þessa í heild sinni 21. nóvember 1994. Í bréfi 16. janúar 1995 vísaði hann hins vegar til a-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991. Krafa hans laut þó einnig að því, að héraðsdómari hefði komist að rangri niðurstöðu um mat á sönnunargildi framburðar ákærða og vitnisins M. Í því sambandi vísaði hann til 4. og 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Af hálfu ákærvaldsins var málinu áfrýjað 17. janúar 1995 „samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991, til endurskoðunar á ákvæðum viðurlaga. ...“

I.

Heimild til áfrýjunar málsins í heild er í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 9. gr. laga nr. 37/1994. Af c-lið 147. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og 4. mgr. 159. gr. laganna, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, leiðir þó, að Hæstiréttur getur ekki endurmetið sönnunargildi munnlegs framburðar, nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði gefi skýrslu þar fyrir dómi. Í þessu máli leiðir þessi regla til þess, að hafi héraðsdómari byggt dóm á því, að framburður sé trúverðugur, verður Hæstiréttur að byggja dóm sinn á því, nema 5. mgr. 159. gr. laganna, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994 þyki eiga við.

Að gefnu tilefni frá Hæstarétti hafa saksóknari og verjandi ákærða lýst því yfir, að málinu sé áfrýjað í heild sinni.

Dómkröfur ákærvalds eru þær, að staðfest verði sakfelling

ákærða og hann dæmdur til refsingar, jafnframt, að ákvæði héraðsdóms um greiðslu miskabóta verði staðfest.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

II.

Ákærði hefur bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi haldið því fram, að samfarir hans og vitnisins M hafi verið með fullu samþykki hennar. Því til stuðnings bendir hann á tiltekin atriði í framburði vitnisins. Af hans hálfu er því haldið fram, að niðurstaða héraðsdómara um mat á sönnunargildi framburðar ákærða og vitnisins standist ekki. Í því sambandi bendir hann á, að vitnið hafi frá 1972 verið metið 75% öryrki af völdum „317 inferioritas mentis“. Hann vísar einnig til framburðar Jóhannesar Sigfússonar rannsóknarlögreglumanns, sem hafi BA-próf í sálarfræði.

Ummerki á vettvangi og á fötum aðila veita enga vísbendingu um átök. Lögreglumenn, sem sáu vitnið, og læk'nirinn, sem skoðaði hana fljótlega eftir atburðinn, eru á einu máli um, að hún hafi haft roða á höndum, en að öðru leyti veitir álit þeirra kröfum ákæruvaldsins tæpast mikla stöð. Ummerkin á höndum vitnisins voru horfin daginn eftir. Nýtur því lítilla sönnunargagna um staðreyndir málsins utan framburður ákærða og vitnisins. Ákærði er samkvæmt geðheilbrigðisrannsókn haldinn geðsjúkdómi (schizophrenia), auk þess sem hann var undir áhrifum vins og lyfja, þegar atburður þessi gerðist. Vitnið gengur ekki heldur heilt til skógar, svo sem að ofan greinir. Hvort og þá á hvaða veg þetta hefur áhrif á framburð þeirra, er óljóst af gögnum málsins, og verður ekki sagt, að héraðsdómari hafi tekið skýra afstöðu til þessa. Í héraðsdómi er ekki heldur tekin bein afstaða til trúverðuleika framburðar ákærða.

III.

Þótt mat héraðsdómara á munnlegum sönnunargögnum sé með nokkrum annmörkum, kemur skýrt fram af héraðsdómi, að framburður vitnisins M fyrir dómi hafi verið stöðugur og einlægur. Sak-sóknari og verjandi, sem báðir voru viðstaddir yfirheyrslur í héraði, voru á einu máli um það, að framburður hennar hafi verið einlægur.

Ekki hefur verið bent á nokkuð það, sem rýri þennan framburð hennar, og þau ákærði eru í raun sammála um atburðarásina í meginatriðum. Verður dómur því lagður á málið. Nægilega er fram komið, að vera ákærða á heimili vitnisins var í andstöðu við hennar vilja. Ákærði og vitnið eru um það sammála, að hún marghafnaði að láta að vilja hans. Verður því að leggja til grundvallar þá frásögn vitnisins, að hún hafi látið að vilja ákærða til að losna við hann. Þegar litið er til læknisvottorða og framburðar lögreglumanna og annarra um vitnið, verður við það að miða, að ákærði hafi mátt gera sér grein fyrir því, að hann væri að þröngva vitninu til þess, sem hún vildi ekki. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakfellingu. Hins vegar þykir brot ákærða ekki verða fært undir 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heldur eigi 195. gr. sömu laga við um brot hans. Samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 verður brot hans fært undir það ákvæði, þar sem ekki verður talið, að vörn málsins hafi verið áfátt þessa vegna.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu af broti gegn 231. gr. almennra hegningarlaga. Þá er staðfest ákvæði dómsins um greiðslu ákærða á skaðabótum til vitnisins M.

IV.

Í héraðsdómi er rakið vottorð Hannesar Péturssonar lækni 20. maí 1994 um geðheilsu ákærða. Taldi hann, að sakhæfi ákærða væri skert, með vísan til 15. og 16. gr. laga nr. 19/1940. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð umsögn Grétars Sigurbergssonar, yfirlækni Réttargeðdeildarinnar að Sogni, 2. apríl 1995, en þar hefur ákærði dvalist frá 14. október 1994. Í umsögninni kemur fram, að við komu þangað var ákærða mjög brugðið, þar sem hann hafði skilið héraðsdóm á þann veg, að hann ætti að fara til meðferðar á geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, en ekki í öryggisgæslu að Sogni. Aðstandendur hans höfðu einnig skilið dóminn á þann veg.

Í umsögninni segir m. a.:

„E reyndist við komu sína að Sogni vera haldinn ranghugmyndum og ofheyrnum og var úr raunveruleikatengslum á vissum sviðum sem þó voru skýrt afmörkuð. Hann var vingjarnlegur í framkomu, þrúður og samvinnugóður, þrátt fyrir það að hann væri eðlilega ósáttur við hlutskipti sitt. Hann hafði takmarkað sjúkdómsinnsæi.

Dómgreind hans á þeim sviðum, sem ekki tengdust ranghugmyndum hans, var eðlileg. . .

E leiddist út í ofneyslu áfengis sem bæði hann sjálfur og foreldrar hans segja að hafi orsakast af andlegri vanlíðan hans. Hafi hann drukkið til að reyna að eyða kvíða sínum og annarri vanlíðan. Þoldi hann áfengi illa og ruglaðist hann gjarnan, jafnvel af litlu áfengismagni. Varðandi afbrot það sem leiddi til öryggisgæsludómsins, segir E að hann telji sig ekki hafa framið neinn glæp. Hafi það komið sér mjög á óvart þegar hann var handtekinn og að hann skilji það í raun ekki enn. Hefur hann aldrei viðurkennt að hafa beitt konuna valdi til að koma fram vilja sínum. . .

Á meðferðartímanum hefur ekkert komið í ljós sem bent gæti til að E geti verið hættulegur öðrum. Sjúkdómseinkenni hans hafa ekki verið af þeim toga að þau gætu gert hann árásargjarnan. Er slík hegðun honum raunar mjög framandi og í ósamræmi við hans persónugerð. . .

Að mínu mati þjáist E af alvarlegum geðsjúkdómi, sem hefur átt sér langan aðdraganda. Þrátt fyrir það að hann hafi verið andlega miður sín er hann framdi meint brot, tel ég óljóst hvort brot hans sé fremur afleiðing af geðsjúkdómi þeim sem þjáir hann ellegar áfengisneyslu, sem var veruleg er þetta gerðist, og hallast ég mun meir að hinu síðarnefnda.

Þrátt fyrir það að sjúkdómur hans hafi í för með sér skerta dómgreind á ákveðnum sviðum, hefur ekkert það komið í ljós í meðferðinni hér á Sogni, sem bendir til að dómgreind hans sé alvarlega skert á þann hátt, að hann sé ófær sjúkdómsins vegna að stjórna gerðum sínum. Framangreint mat er að sjálfsögðu bundið því skilyrði að E hlíti fyrir mælum um nauðsynlega geðlyfjameðferð og neyti engra vímuefna og sé undir reglubundnu geðlækniseftirliti í því skyni.

Að mínu mati verður E því að teljast sakhæfur en einnig tel ég ljóst, að refsing muni ekki bera árangur. Tel ég að refsivist mundi hafa mjög skaðleg áhrif með því að magna upp sjúkdómseinkenni hans. Tel ég því að ákvæði 16. greinar almennra hegningarlaga eigi við í máli þessu.

Nauðsynlegt er, eins og áður segir, að E fái áframhaldandi geðlyfjameðferð og allan þann stuðning sem hann þarfnast og að hann

haldi sig frá áfengi og öðrum vímuefnum. Tel ég eðlilegt að slík meðferð fari fram á eða í tengslum við almenna geðdeild.“

Læknarnir eru á einu máli um, að 16. gr. laga nr. 19/1940 eigi við um ákærða og að refsing muni ekki bera árangur. Svo sem að ofan greinir, telur yfirlæknirinn að Sogni, að vista eigi ákærða á almennri geðdeild. Þegar litið er til atvika málsins og umsagna lækna, er það álit dómsins, að ákveða beri ákærða refsingu. Með broti sínu rauf ákærði skilyrði reynslulausnar á eftirstöðvum 100 daga fangelsisrefsingar, sem hann átti óafplánaða. Ber samkvæmt 42. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 60. gr. sömu laga, að ákveða refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, og svo með hliðsjón af refsivist þeirri, sem ólokið er frá fyrra broti. Þykir refsingin hæfileg 12 mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta 9 mánuðum af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að þremur árum liðnum frá uppsögu héraðsdóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, auk þeirra skilyrða, sem síðar getur. Óskilyrtan hluta fangelsisrefsingarinnar hefur hann afplánað með dvöl sinni að Sogni. Hann skal nú gangast undir dvöl eða meðferð á geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri allt að einu ári eða skemur að mati yfirlæknis geðdeildarinnar, sbr. 4. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sem þykir mega beita hér. Að því búnu skal hann hlíta umsjón, sbr. 1.–3. tl. sama ákvæðis, út reynslutímann.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, E, sæti 12 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og hún niður falla að liðnum þremur árum frá 7. október 1994, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, og 1.–4. tl. 3. mgr. sama ákvæðis á þann veg, sem nánar er greindur í forsendum dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og skaðabætur er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 7. október 1994.

Mál þetta, sem þingfest var 19. júlí sl. og dómtekið að loknum munnlegum málf lutningi 13. f. m., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, út gefnu 21. júní 1994, „á hendur E [...], Akureyri, fæddum ... 1969, fyrir hús-brot og nauðgun með því að hafa nokkru fyrir kl. 19.00 föstudaginn 15. apríl 1994 ruðst heimildarlaust inn í íbúð konunnar M, fæddrar 5. október 1929, á jarðhæð [...] Akureyri, og þröngvað konunni með ofbeldi til holdlegs sam-ræðis.

Telst þetta varða við 231. gr. og 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Til vara er þess krafist, að ákærða verði gert að sæta öryggisgæslu á við-eigandi stofnun, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga.

M [...], Akureyri, gerir þá kröfu í málinu, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 200.000 kr. í miskabætur“.

Af hálfu ákærða hefur aðallega verið krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds.

I.

Málavextir.

Föstudaginn 15. apríl sl. kl. 18.55 hringdi M, fædd 1929, á lögreglustöðina á Akureyri og kærði nauðgun. Lögreglumenn fóru þegar á heimili M við [...] og er aðgerðum þeirra lýst svo í staðfestri frumskýrslu:

„Tilkynnandi tók á móti okkur og vísaði okkur inn í íbúðina, en þar býr tilkynnandi ein á fyrstu hæð hússins, en á efri hæð hússins býr vitnið A. Í húsínu eru tvær íbúðir, og er sameiginlegur inngangur inn í íbúðirnar að sunnan- og norðanverðu. Er við fórum inn í íbúðina, fórum við inn í hana að sunnanverðu. Er gengið þar beint úr forstofu inn í stofuna, þar sem ætluð nauðgun átti sér stað að sögn þolanda. Aðspurð um verknadinn sagði M, að E [ákærði í máli þessu] hefði komið þá skömmu áður og viljað hafa við sig samfarir og boðið sér greiðslu fyrir. M sagðist hafa neitað að hafa við hann samfarir, hvort sem í boði væri borgun eða ekki. M sagði, að ákærði hefði þá tekið út á sér kynfærin og ráðist á sig. Hún sagðist hafa

beitt mótþróa eftir mætti, Ákærði hefði lagt hana í rúm, sem er þarna í stofunni, og komið fram vilja sínum. Greinilega mátti sjá merki um átök á höndunum á M, sem voru nokkuð rauðar hér og þar. Aðspurð, hvort hún þekkti ákærða, sagði hún, að hann hefði komið tvisvar áður í þeim tilgangi að hafa við hana samfarir, en því hefði hún neitað. Í fyrra skiptið hefði vitnið V verið þar fyrir, er ákærði kom, og komið honum út úr húsinu.“

Samkvæmt nefndri lögregluskýrslu var ákærði, E, handtekinn kl. 19.30 á Ráðhústorgi. Þá lágu þegar fyrir upplýsingar um, að ákærði væri vistmaður á svokallaðri dagvist á geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA).

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólranssóknar á blóðsýni og þvagsýni ákærða kl. 20.00 var alkóhólmagn í blóði hans 1,52‰, en 1,98‰ í þvagi.

Samkvæmt læknisvottorði Kristjáns Baldvinssonar, yfirlæknis á fæðingar- og kvensjúkdómadeild FSA, sem dagsett er 16. apríl sl., er frá því greint, að M hafi kvöldið áður kl. 19.36 komið á sjúkrahúsið í fylgd lögreglu. Í vottorðinu er rakin frásögn M, en niðurlag þess er svofellt:

„Við skoðun er konan greinilega miður sín, en gefur skýra sögu. Föt hennar eru ekki rifin og ekki er að sjá neina ytri áverka á henni. Við skoðun á kynfærum er talsverður roði á innri skapabörnum og í vagina. Dálítillerting er einnig í slímhúð á leghálsi. Dálítið er af hárum inni í vagina. Legið sjálft er eðlilega stórt, miðstætt, hreyfanlegt og eymslalaust; ekkert óeðlilegt er að finna yfir eggjastokkum og eggjaleiðurum. Af skoðun er greinilegt, að samfarir hafa átt sér stað. Engir ytri áverkar finnast á konunni og engir áverkar á kynfærum. Kemur það heim við frásögn konunnar um, að hún hafi ekki megnað að veita neina mótspyrnu, sem frekar væri við að búast hjá yngri konum.“

Rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri hóf þegar að kveldi 15. apríl sl. venjubundna rannsókn, þ. á m. með vettvangsrannsókn og ljósmyndatöku. Í vettvangsskýrslu er herbergjaskipan í íbúð M lýst, en þar kemur fram, að í stofu íbúðarinnar voru tveir sófar, annar við vesturvegg, brúnn svefnbekkur með svampdýnu, en hinn við norðurvegg, þriggja sæta. Þar kemur og fram, að gluggi er á suðurvegg stofunnar. Það álit er látið í ljós í skýrslunni, að allt væri í röð og reglu og ekki sjáanleg merki um átök. Sæðispröfun á svampdýnunni var gerð 18. apríl, og sýndi hún jákvæða svörun. Við athugun lögreglu reyndist fatnaður ákærða og M heill. Loks er þess getið, að timburgólf skilji að neðri og efri hæð í íbúðarhúsi M.

Við lögreglurannsókn fóru fram yfirheyrslur yfir M, ákærða og vitnum á tímabilinu frá 16.–21. apríl sl. Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 16. apríl og gert að sæta geðrannsókn. Gæsluvarðhaldi hans lauk 26. apríl sl., og var hann þá fluttur á geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

II.

Samkvæmt vottorði Sakaskrár ríkisins, dagsettu 6. september 1994, hefur ákærði, E, sem nú er 25 ára að aldri, sætt refsingum sem hér segir:

- 1989 28/12 Eyjafjarðars., Ak.
 Dómur: Ákvörðun refsingar frestað skb. 3 ár f. brot g. 1. mgr. 218. gr. alm. hgl.
- 1992 30/12 Héraðsdómur Norðurlands eystra.
 Dómur: Fangelsi 10 mán. f. brot. g. 1. mgr. 202. gr. alm. hgl., sbr. 10. gr. 1. nr. 40/1992, sbr. 2. gr. 1. nr. 19/1940 og 45. gr. 1. nr. 53/1966.

Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins, sem dagsett er 20. apríl sl., var ákærða 16. ágúst 1993 veitt reynslulausn skilorðsbundið í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 100 dögum. Með bréfi nefndrar stofnunar, dagsettu 13. maí sl., er birt var samdægurs, voru ákærða sett frekari skilyrði fyrir reynslulausn, m. a. bindindi á áfengi og ólögleg fíkniefni, að hann hlítu umsjón og meðferð geðlækna á FSA og að hann virti friðhelgi heimilis og einkalíf konunnar M. Tilefni síðastgreinda skilyrðisins var áðurgreind lög-regluáminning ákærða.

Ákærði hefir í tvígang gengist undir geðheilbrigðisrannsóknir, og annað-ist Hannes Pétursson geðlæknir, forstöðumaður geðdeildar Borgarspítalans, rannsóknirnar í bæði skiptin. Fyrri rannsóknarskýrsla geðlæknisins er dagsett 8. janúar 1992, en hún var gerð í tilefni sakargifta, sem dómur héraðsdóms frá 30. desember fjallar um. Þykir rétt að taka hér upp ályktarorð hennar:

„Að mati undirritaðs er E ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskort. Eðlislæg greind E er að líkindum a. m. k. í meðallagi, en nýtist varla sem skyldi, eins og slitrótt skólasókn ber vitni um. Hins vegar greinast merki um áfengissýki og alvarlega fylgikvilla vímuefnaneyslu ásamt persónuleikatrufnunum og skapgerðarbrestum, sem komið hafa fram í ýmsum þáttum á lífsferli hans. Framangreindar persónuleikatrufnanir hafa m. a. komið fram í óreglulegri skóla- og atvinnusókn, misnotkun áfengis og annarri vímuefnaneyslu ásamt erfiðleikum í mannlegum samskiptum. E hefur einnig komist í kast við lögreglu og lögin allt frá unglingsárum. Um-ræddar persónuleikatrufnanir eru í raun ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en geta farið minnkandi með aldrinum og auknum persónuþroska viðkomandi. Í þessu sambandi er mjög brýnt, að E hætti algerlega neyslu áfengis og annarra vímuefna og reyni jafnframt að sporna gegn framangreindum erfiðleikum með því að efla stöðugleika í lífi sínu.

Miðað við ungan aldur og alvarlegan líkamlegan fylgikvilla vímuefna-neyslu ásamt óstöðugleika og brotaferli verður að telja, að áfengissýki E sé komin á alvarlegt stig. Ekki er ljóst, hvort mat hans á aðstæðum er raunhæft, en undirritaður hefur marghvatt hann til þess að gera sér grein fyrir því, hve alvarleg staða hans er, og nauðsyn þess, að hann leiti sér aðstoðar til þess að hætta neyslu áfengis og annarra vímuefna. Enn fremur er eflaust nauðsynlegt fyrir hann að breyta um félagslegt umhverfi, a. m. k. að því er varðar atvinnu og félagsskap. Einnig má benda á, að það virðist samdóma álit forsvarsmanna þeirra skóla, er E hefur vistast í, að hann hafi næga námsgetu, ef hann á annað borð getur notfært sér hana.“

Í síðari skýrslu geðlæknisins, sem dagsett er 20. maí sl., er í upphafi greint frá rannsóknargögnum, sem stuðst var við. Þá er rakin persónusaga ákærða sl. 2–3 ár, geðsaga hans, líkamlegt heilsufar, aðdragandi atburðar 15. 4. 1994, líkamleg skoðun og rannsóknir og geðskoðun.

Niðurlag skýrslunnar var svofellt:

„Það er álit mitt, að E sé haldinn formlegum geðsjúkdómi, þ. e. geðklofa (schizophrenia). Foreldrar munu hafa tekið eftir breytingum, sem bent gætu til veikindanna, síðastliðið haust, en sjúkdómseinkenni urðu verulega áberandi um síðustu áramót. Það er hins vegar líklegt, að veikindin eigi sér talsvert lengri aðdraganda. Sjúkdómurinn hefur aðallega lýst sér í ofsóknar-kenndum ranghugmyndum ásamt öðrum ranghugmyndum, svo sem því, að honum væri stýrt og stjórnað. Enn fremur sjúklegar upplifanir um breytingar á líkama. Þrátt fyrir verulega hræðslu og öryggisleysi eru tilfinningaviðbrögð fremur fátækleg og flöt, sem er í samræmi við einkenni þess sjúkdóms, sem um ræðir. Heilsu E hefur því hrakað mikið á undanförunum mánuðum og reyndar hefur félagsleg staða hans farið verulega versnandi a. m. k. síðastliðin tvö ár.

E tókst að halda sig að mestu frá áfengi í um það bil tvö ár og kveðst ekki heldur hafa notað önnur vímuefni á þeim tíma. Áfengisneysla hans hófst aftur í janúar sl. og fór nánast strax úr böndunum. Svo virðist sem áfengismisnotkun hans sé að verulegu leyti í tengslum við umræddan geðsjúkdóm, og hefur það að sjálfsögðu alvarleg áhrif á batahorfur og meðferðarfylgni. Geðklofi hefur eðli málsins samkvæmt í för með sér skert raunveruleikatensl og hamlaða dómgreind. Ofneysla áfengis samfara umræddum geðsjúkdómi skerðir mjög hæfni til sjálfstjórnar og getur haft alvarleg áhrif á viðbrögð og hegðun þess, sem haldinn er geðklofa.

Ég tel, að á þeirri stundu, er meintur verknaður átti sér stað, hafi E átt við að stríða alvarlegan geðsjúkdóm, sem hafi leitt til skertrar dómgreindar og raunveruleikamats. Undirrituðum er tjáð, að þéttni alkóhóls í blóði hafi

mælt 1,5 pro mille og liðlega 1,9 pro mille í þvagi. Mikil vímu- og eitrunar-áhrif áfengis hafa því valdið enn frekari skerðingu á dómgreind, raunveruleikamati og sjálfstjórn. Ég tel því, að sakhæfi E sé skert, með vísan til ákvæða 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Hannes Pétursson geðlæknir kom fyrir dóm og staðfesti niðurstöður framangreindra rannsókna, og um það spurður kvað hann mjög líklegt, nánast öruggt, að ákærði hefði verið haldinn geðsjúkdómi, þ. e. geðklofa (schizophrenia) á verknaðarstundu 15. apríl 1994. Að álitu geðlæknisins er ákærði ekki haldinn afbrigðilegri kynhegðun, en hann vísaði til þess, að óbeint orsakasamband væri á milli sjúkdómsins og verknaðar ákærða. Þannig hefði farið saman hjá ákærða truflun í hugsun, skert dómgreind og skert raunveruleikamat, en auk þess mikil áfengisvíma 15. apríl sl. Það var því mat geðlæknisins, að veikindi ákærða hefðu áhrif á fjölmarga þætti í geðlífi hans, er leiddu til þess, að hann gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum verka sinna og mæti aðstæður almennt ranglega. Geðlæknirinn vísaði þó til þess, að ávallt væri erfiðleikum bundið að segja til um með vissu, hvort ákærði hefði verið alls ófær um að stjórna gjörðum sínum á verknaðarstundu. Þá var það álit geðlæknisins, að refsing yfir ákærða, eins og heilsu hans væri háttað, gæti ekki borið árangur. Geðlæknirinn lét loks það álit í ljós, að nauðsynlegt væri, að ákærði nyti stöðugrar geðlæknismeðferðar og endurhæfingar, og fullyrti jafnframt, að slík meðferð væri í raun forsenda þess, að hann gæti hagnýtt sér venjubundna áfengismeðferð.

Að ósk skipaðs verjanda ákærða var kvaddur fyrir dóm sem vitni Sigmundur Sigfússon, yfirlæknir geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Vitnið staðfesti innlögn ákærða á geðdeild FSA í janúarmánuði sl. og bar, að hann hefði þá haft einkenni alvarlegs geðsjúkdóms. Vitnið kvað ákærða hafa vistast á stofnuninni lengst af frá þessum tíma, en auk þess verið í dagsvist. Aðspurt féllst vitnið á áðurgreinda sjúkdómsgreiningu svo og það álit Hannesar Péturssonar, geðlæknis, að refsing gæti ekki borið árangur í tilfelli ákærða. Vitnið greindi frá því, að hann hefði hitt ákærða að máli í fangageymslu lögreglu laugardaginn 16. apríl sl. Að mati vitnisins var ákærði á þeirri stundu með skerta dómgreind, þrátt fyrir það að áhrif geðlyfja hefðu bætt raunveruleikaskyn hans. Sérfræðingurinn lýsti loks þeirri skoðun sinni, að nauðsynlegt væri, að ákærði hlítti viðeigandi geðlæknismeðferð á geðdeild, og vísaði til þess, að síðustu vikur hefði orðið nokkurt rof þar á af hálfu ákærða. Jafnframt kvað hann áfengisbindindi ákærða forsendu árangursríkrar geðlæknismeðferðar.

Við aðalmeðferð málsins staðfestu rannsóknarlögreglumenn verk sín. Þá gaf og vitnaskýrslu Brynja Óskarsdóttir félagsráðgjafi, en hún var stuðn-

ingsaðili M við upphaf lögreglurannsóknar. Að kröfu sakflytjenda fóru frekari vitnaleiðslur ekki fram fyrir dómi.

III.

Niðurstaða.

Ákærði hefur í máli þessu neitað kynferðisbroti, líkt og því er lýst í ákæruskjali, og borið, að hann hafi haft samfarir við M með samþykki hennar.

Samkvæmt læknisvottorði bar M enga líkamlega áverka við skoðun til-
tölulega skömmu eftir ætlaðan verknað. Þá voru ekki sýnileg ummerki um átök í íbúð M samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu. Er þetta að nokkru leyti í samræmi við framburð ákærða og M um viðskipti þeirra 15. apríl sl.

Í máli þessu þykir verða að líta til aðdraganda þess, að ákærði fór að heimili M 15. apríl. Upplýst er með framburði M og vitnisins V og að nokkru leyti með eigin framburði ákærða, að hann hafi komið ölvapur og án sérstaks tilefnis inn á heimili hennar allnokkrum vikum áður. Með framburði M og V er og upplýst, að ákærða var vísað út úr íbúðinni eftir skamma dvöl, eftir að hann hafði sýnt af sér kynferðislega hegðan gagnvart M. Þá hefur ákærði og haldið því fram, að hann hafi nokkrum vikum fyrir síðastgreindan atburð veitt M athygli, þar sem hún var utan dyra við heimili sitt. Þrátt fyrir þetta hefur ákærði borið, að hann hafi í raun ekkert þekkt til M, og er það í fullu samræmi við framburð hennar.

Ákærði hefur andmælt því, að hann hafi ruðst í heimildarleysi inn í íbúð M síðdegis 15. apríl sl., heldur hafi hann gert vart við sig á eðlilegan máta og M boðið sér inn á heimilið, líkt og áður hafi gerst. Að þessu leyti stendur því staðhæfing ákærða gegn staðhæfingu M, og ber með vísan til 45. gr. og 46. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna ákærða af broti gegn 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og fram kemur, er málavöxtum var lýst, hefur ákærði haldið því fram, að ásetningur sinn til samfara hafi fyrst komið til, eftir að hann var kominn í íbúð M. Ákærði hefur í því samhengi vísað til þess, að hann hafi á þeirri stundu ekki gert sér grein fyrir aldri M, og borið við áfengisvímu og lyfjaáhrifum. Ákærði hefur hins vegar viðurkennt, líkt og M hefur haldið fram, að konan hafi verið andvíg atlotum hans, þ. á m. snertingu á kynfærum, að hún hafi margsinnis hafnað fjárgreiðslum af hans hálfu, en auk þess kallað nafn tiltekens karlmanns, áður en hún lét undan og hann fékk vilja sínum framgengt. Þá hefur ákærði ekki vefengt, að roði á höndum M væri af sínum völdum, en borið, að þar hafi verið um óviljaverk að ræða.

Framburður M fyrir dómi var stöðugur og einlægur. Þá hefur frásögn hennar um þrekleysi jafnhliða ótta við frekara ofbeldi af hálfu ákærða stóð í

fyrirliggjandi læknisvottorði um alvarleg veikindi hennar um síðastliðin áramót.

Þegar litið er til ofangreindra atriða og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, þykir að mati dómsins ekki varhugavert þrátt fyrir neitun ákærða að leggja til grundvallar framburð hennar við alla meðferð málsins um kynferðislegt athæfi ákærða, svo sem því er lýst í ákæru. Er ákærði þannig sannur að sök, og varðar brot hans við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Líkt og áður hefur komið fram í geðheilbrigðisrannsókn geðlæknis svo og frásögn ákærða sjálfs, hrakaði geðheilsu hans með tiltölulega skjóttum hætti í lok árs 1993. Það var og mat Hannesar Péturssonar, forstöðumanns geðdeildar Borgarspítala, að veikindi ákærða hefðu þróast til alvarlegs geðsjúkdóms, þ. e. geðklofa (schizophrenia). Er það í samræmi við sjúkdómsgreiningu Sigmundar Sigfússonar yfirlæknis, er haft hefur ákærða til meðferðar síðustu mánuði. Þá var það og samdóma álit geðlæknanna, að ákærði hefði verið miður sín vegna veikindanna, er hann framdi brot sitt 15. apríl 1994. Nokkur vafi þykir þó leika á, hvort orsakasamband hafi verið á milli veikinda ákærða og verknaðar, og þá einnig, hvort hann hafi verið alls ófær um að stjórna gjörðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn ber með skírskotun til 16. gr. almennra hegningarlaga að fallast á þær skoðanir nefndra sérfræðinga, að refsing geti ekki borið árangur gagnvart ákærða.

Upplýst er, að ákærði hefur dvalist á geðdeildum og meðferðarstofnunum síðustu mánuði, þ. á m. sem dagvistarsjúklingur, en að áliti geðlækna þarfnast hann reglubundinnar geðlæknismeðferðar og félagslegs stuðnings. Það er og upplýst, að nokkur rof hafa orðið á meðferðinni af hálfu ákærða, m. a. vegna áfengisneyslu hans. Mál hefur hins vegar ekki verið höfðað á hendur ákærða til sjálfræðissviptingar af þessum sökum. Að öllu framangreindu virtu þykir nauðsynlegt að ákveða, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði sæti öruggri vistun á videigandi stofnun.

Samkvæmt 3. mgr. 139. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Af hálfu M hefur verið lögð fram skaðabótakrafa á hendur ákærða, að fjárhæð 200.000 krónur, vegna miska í tilefni framangreinds verknaðar.

Fyrir dómi hefur ákærði hafnað skaðabótakröfunni.

Ákærði telst bótaskyldur gagnvart M vegna þeirrar háttsemi, sem hann er sakfelldur fyrir, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eftir atvikum og þegar litið er til alvarleika brotsins, þykir kröfu M í hóf stillt, og verður ákærði því dæmdur til að greiða M 200.000 kr.

Samkvæmt málsúrslitum, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991, skal ákærði greiða $\frac{1}{3}$ hluta sakarkostnaðar, þ. á m. saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast 45.000 kr., og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmans, sem ákveðast í heild 110.000 kr., en $\frac{1}{3}$ hluti greiðist úr ríkissjóði. Málið flutti af hálfu ákærvalds Björn Helgason saksóknari.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari, en dómsupp-
kvaðning hefur tafist lítilliga vegna embættisanna.

D ó m s o r ð :

Ákærði, E, sæti öruggri vistun á viðeigandi stofnun. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði M 200.000 kr. í miskabætur.

Sakarkostnaður, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmans, 110.000 krónur, greiðast að $\frac{1}{3}$ af ákærða, en $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði.
